

**Ed.**

### **13. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 52 8. sept. 1931 og á lögum nr. 15 14. júní 1929 (Útflutningsgjald af síld o. fl.).

Frá fjárhagsnefnd.

Um þetta efni voru afgr. lög á hinu reglulega Alþingi þ. á., sjá Alþt. 1933, A. þskj. 619. Ráðherra hefir ekki lagt lög þessi fyrir konung til staðfestingar, sakir þess að formgalli hafi verið á þeim, en í þess stað útvegað staðfestingu konungs á bráðabirgðalögum samhljóða frv. því, er hér liggur fyrir.

Nefndin viðurkennir, að frv. það, sem hér liggur fyrir, hafi að geyma öldungis óbreytt efnisákvæði laganna á þskj. 619, og leggur til, að frv. þetta verði samþ. Er þó ekki þar með af hálfu nefndarmanna tekin nein afstaða til þess, hvort sildartollurinn, kr. 1,00 á tunnu saltsildar, sé hæfilegur eftir því, sem nú horfir við, og áskilja einstakir nefndarmenn sér rétt til breytingartillagna að því er upphæð gjaldsins snertir.

Hinsvegar er það álit nefndarinnar, að formgalli sá, er var á lögum frá Alþingi á þskj. 619, Alþt. A. 1933, hafi ekki verið svo mikilvægur, að næg ástæða hafi verið fyrir ráðuneytið til þess að láta fyrirfarast að útvega konungsstaðfestingu á þeim lögum, og telur ekki, að úr þessu megi verða fordæmi til eftirbreytni. Verður gerð nánari grein fyrir þessu í framsögunni.

Alþingi, 8. nóv. 1933.

Jón Þorláksson,  
form., frsm.

Jón Baldvinsson.

Kári Sigurjónsson,  
fundaskrifari.